

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í júlí/ágústmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76. 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Stjórnarráðsbréf til biskupsins yfir Íslandi um nýja kirkjusókn í Breiðholtsprestakalli.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 2. apríl sl., svo og síðari viðræðna varðandi tilmæli í Fella- og Hólahverfum, er fylgja Breiðholtsprestakalli samkvæmt auglýsingu nr. 74 29. marz 1972, um að stofna sérstaka sókn í þessum hverfum, sem markast af Höfðabakka að vestan, Breiðholtsbraut og línu í Elliðaár að sunnan og austan, og síðan Elliðaám að austan og norðan, tekur ráðuneytið fram, með vísun til tillagna yðar og safnaðarráðs Reykjavíkurprófastsdæmis, sbr. 1. gr. XV og 2. gr. laga nr. 35 1970, að það samþykkir, að stofnuð skuli nú þegar sérstök sókn í umræddu hverfi, sem nefnist Fella- og Hólasókn. Sóknar-gjöld fyrir árið 1973 innheimtast með tilliti til stofnunar hinnar nýju sóknar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.